



Verið velkomin til Alan R. Moon's **Ticket to Ride - Evrópa 1912™**  
– viðbót við hina vinsælu borðspilalínu Ticket to Ride®.

Líkt og 1910 viðbótin fyrir upprunalega Ticket to Ride spilið, býður 1912 ykkur að (endur-) heimsækja Ticket to Ride Evrópu í alveg nýtt ferðalag!

**ÞESSI VIÐBÓT INNIHELDUR:**

- ◆ 5 ný vöruhús fyrir spilara og 25 nýjar brautarstöðvar (5 í hverjum lit).
- ◆ 55 nýja lestarmiða, allir merktir með 1912 merkinu í ofanverðu hægra horninu:
  - 6 nýjar langar leiðir (blár bakgrunnur)
  - 19 nýja venjulega lestarmiða
  - 30 nýja stórborgarlestarmiða (stórborgarmerkið)
- ◆ Upprunalegu 46 lestarmiðana (6 langar leiðir, 25 venjulegar og 15 stórborgar) sem fylgdu með Ticket to Ride Evrópa.

**VÖRUHÚS OG BRAUTARSTÖÐVAR**

Vöruhús og brautarstöðvar er hægt að nota með öllum Ticket to Ride spilaborðum, ekki bara Ticket to Ride Evrópa. Aftur á móti er það í uppáhaldi hjá okkur að spila þau með Stórborgir Evrópu leikaðferðinni. Allar reglur eru þær sömu og í upprunalega spilinunni ykkar fyrir utan:

- ◆ Í byrjun leiksins, þegar spilarar hafa fengið lestarvagnaspilin og valið sér lestarmiða til að halda, fær hver spilarinn vöruhús og fimm brautarstöðvar í sínum lit. Vöruhúsin eru lögð fyrir framan hvern spilara og fjórar brautarstöðvar í röð til hliðar. Fimmta brautarstöðin er lögð á hvaða borg sem er, spilarinn sem verður síðastur í röðinni að gera, byrjar að leggja niður vöruhúsið sitt og síðan er haldið áfram í röð rangsælis. Nú getur spilið hafist.
- ◆ Í hvert sinn sem spilarinn **dregur lestarvagnaspil**, þegar hann á leik, verður hann fyrst að taka efsta spilið úr lestarvagnabunkanum og leggja það í vöruhús (annaðhvort sitt eða annars spilara) án þess að kíkja á það, áður en hann dregur sín eigin lestarvagnaspil.
- ◆ Í hvert sinn sem spilarinn (þegar hann á leik) **eignar sér leið** í borg þar sem brautarstöð spilara er, má hann taka öll lestarvagnaspilin í vöruhúsi þess spilara en verður þá að farga einni brautarstöðinni sem er við vöruhúsið sitt og setja hana aftur í kassann.
- ◆ Til viðbótar við sína venjubundnu umferð má spilarinn alltaf, sem **frí aðgerð**, taka eina eða fleiri brautarstöðvar sem eru enn við vöruhúsið sitt og setja þær á einhverjar af tómu borgunum.
- ◆ Þegar leiknum er lokið fær spilarinn (spilarar) með flestar brautarstöðvar við hliðina á vöruhúsinu sínu 10 aukastig í bónus. Ef um jafntefli er að ræða fá allir þeir spilarar bónusinn.

**Önnur atriði**

- ◆ Það má aldrei vera fleiri en ein brautarstöð í borg. Þegar búið er að setja niður brautarstöð á spilaborðið má ekki færa hana eða fjarlægja út spilið (eða vera á sama stað og lestarvagnastöð í Ticket to Ride Evrópa). Ekki er hægt að farga brautarstöðvum sem eru komnar á spilaborðið og setja í spilakassann til að fá spil sem hafa safnast upp í vöruhúsi.





◆ Spilarar mega taka upp spil úr þeirra eigin vöruhúsi við það að eigna sér leið með þeirra eigin brautarstöð. Spilarar geta einnig tekið spil úr tveimur vöruhúsum í einni umferð, þegar þeir eigna sér leið með tveimur borgum sem báðar hafa brautarstöðvar. Þá verða þeir hins vegar að farga tveimur af sínum brautarstöðvum.

◆ Fjöldi lestarvagnaspila í vöruhúsi eru opnar upplýsingar (þ. e. allir gert spurt hversu mörg spilín séu).

◆ Ef svo ólíklega vill til að það eru ekki fleiri lestarvagnaspil í bankanum eða til að stokka og einn eða fleiri spilarar hafa notað allar brautarstöðvarnar sínar, eru öll vöruhúsin þegar í stað tæmd og lestarvagnspilið stokkuð til að mynda nýjan banka.



## NÝIR MIÐAR

Það eru óteljandi leiðir til að kanna Evrópu með nýju miðunum í þessari viðbót en eftirfarandi leikaðferðirnar eru í uppáhaldi hjá okkar:

### EVROPA STAEKKUD

◆ Bætið 19 nýju venjulegu lestormiðunum (með 1912 merkinu) við upprunalega lestormiðabunkann (spilín án 1912 merkisins).

◆ Allar aðrar reglur eru óbreyttar.



### RISA EVROPA

◆ Stokkið allar 12 langar leiðir saman og hver spilari fær 2 slíkar. Spilarar geta valið að halda annarri þeirra eða engri, en ekki báðum. Langar leiðir, sem spilarar halda ekki, er teknar úr leiknum.

◆ Stokkið alla hina lestormiðana (bæði venjulega og stórborgar, nýja og upprunalegu) úr þessari stækkun saman og hver spilari fær fimm lestormiða. Ef spilari hélt löngu leiðinni verður hann að halda minnst tveimur af þessum fimm miðum. Ef hann hélt ekki löngu leiðinni verður hann að halda minnst þremur miðum í staðinn.

◆ Allar aðrar reglur eru óbreyttar.



### STORBORGIR EVROPU

◆ Langar leiðir eru ekki notaðar í þessari leikaðferð.

◆ Leggið niður stórborgarmiðana þannig að spilarar sjái þá.

◆ Stokkið saman alla stórborgarlestarmiðana (spilín með stórborgarmerkinu). Hver spilari fær 5 miða og af þeim verður hann að halda minnst tveimur þeirra.

◆ Eftir að leikurinn byrjar skal spilari, þegar hann velur að **draga nýja miða**, draga fjóra miða en halda minnst einum þeirra.

